

Beringspuntur (*Deschampsia beringensis*)

Enska; Bering hairgrass

Tegundalýsing og kjörlendur

Beringspuntur er fjölært hávaxið upprétt puntgras. Blöðin eru gráleit, löng, jafnbreið og snörp á efra borði, þó ekki eins snörp og snarrótarblöð. Hann myndar tiltölulega fáa hliðarsprota og gisinn svörð. Punturinn er líkur snarrótarpunti, en er ljósari (gulleitari) og puntseta er breytileg. Beringspuntur er nýleg tegund í íslensku gróðurriki, og var fyrst fluttur til landsins árið 1972. Hann er upprunnin í Norður Ameríku og er náskyldur snarrót.



Beringspuntur finnst nú sem slæðingur um allt land en er sjaldgæfur í túnnum. Hann þrífst ágætlega á framræstum mýrum en kjörlendi hans verður að teljast sendinn og malarkenndur jarðvegur á frekar úrkomumiklum svæðum. Hann er þurrk- og vetrarþolinn og þolir talsvert áfok. Hann vex allt upp í 800 m y.s. hér á landi.

Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Beringspuntur hefur reynst mjög vel til uppgræðslu en er í dag ekki eftirsóttur í túnrækt, þrátt fyrir mikið vetrarþol og endingu á kjörsvæðum.

Í samanburðartilraunum á framræstri mýri reyndist beringspuntur uppskerumikill, til jafns við vallarfoxgras og bar jafnvel af því. Fóðurgildi mældist hátt þegar slegið var um skrið og heyið var lystugt fyrir sauðfé. Reynsla flestra bænda er aftur á móti ekki jafn góð og í dag er beringspuntur ekki ræktaður til fóðurs fyrir sauðfé og nautgripi. Beringspuntur votverkast vel í rúllum og er þannig eftirsóttur á heymarkaði fyrir reiðhross en ést illa sem fullþurrkað hey. Í tilraununum á Hvanneyri hefur jafnan farið saman að mikil uppskera fæst eftir þau ár sem ekki er slegin há, sem bendir til þess að beringspuntur þolir illa tvo slætti. Þá þolir hann illa beit á fyrsta ári eftir sáningu.

Ræktunarleiðbeiningar

Engin yrki eru til af Beringspunti en Landgræðsla ríkisins framleiðir talsvert mikið af fræi til landgræðsu og þess vegna er tiltölulega auðvelt fyrir bændur að fá gott sáðfræ. Þúsundkornþyngdin er um 0,2 – 0,3 g. Honum má sá einum sér eða í blöndu með öðrum fjölærum fóðurgrösum eins og vallarfoxgrasi og vallarsveifgrasi ef einhver tilgangur er með því. Fullt sáðmagn er 15 – 20 kg á ha. Æskilegur sáðtími er seint á vori eða haustið. Sáðdýpt er 1-2 sm og sáðbeðið á að vera þétt. Best er að sá á yfirborðið og valta strax á eftir. Beringspuntur spírar nokkuð hratt miðað við önnur túngrös en er lengi að róta sig og gefur ekki mjög mikla uppskeru á fyrsta ári. Kjörjarðvegur eru framræstar svarðaríkar mýrar eða sand- og malarríkur jarðvegur. Hann gerir svipaðar áburðarkröfur og önnur algeng túngrös. Vert að benda á að lögum samkvæmt má ekki sá beringspunti í friðlýst svæði eða svæði sem eru á náttúruminjaskrá vegna þess að hann er innfluttur og mjög áberandi í vissum gróðurlendum.

